

**Þingborg, 29.08.2025****Minnisblað vegna málefna Íslenska bæjarins í Austur Meðalholtum**

Þann 26. júní 2025 kom sveitarstjórn Flóahrepps til fundar við Hannes Lárusson og Bryndísi Hrönn Ragnarsdóttur í Austur Meðalholtum. Tilefni fundar var að fara yfir málefni sem tengjast Íslenska bænum í Austur Meðalholtum.

Á fundinum fóru Hannes og Bryndís m.a. yfir stöðu mála varðandi friðlýsingu á Íslenska bænum sem unnið er að, ásamt því að fara yfir þau bréfaskrif og samskipti sem farið hafa fram við fjölmarga opinberra aðila á undanförnum misserum. Rætt var um hvort samstarf Íslenska bæjarins við Byggðasafn Árnesinga væri kostur sem vert væri að skoða eða hvort skoða ætti aðra mögulega aðkomu að málefnum Íslenska bæjarins á héraðsvísu.

Sveitarstjórn Flóahrepps boðaði Lýð Pálsson safnstjóra Byggðasafns Árnesinga og Helga Kjartansson formann Héraðsnefndar Árnesinga til samtals um málefni Íslenska bæjarins í Austur Meðalholtum og var sá fundur haldinn 25. ágúst 2025. Á fundinn mættu fyrri hönd sveitarstjórnar þau Árni Eiríksson oddviti, Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjórnarmaður og sveitarstjóri og Harpa Magnúsdóttir sveitarstjórnarmaður ásamt þeim Lýð og Helga.

Fyrir fundinn hafði ekki borist erindi frá Minjastofnun sem sent var dags. 27.08.2025 um undirbúning friðslýsingar í Austur Meðalholtum.

Í kjölfar fundar sveitarstjórnar með safnstjóra Byggðasafns Árnesinga og formanni Héraðsnefndar Árnesinga og erindis frá Minjastofnun dags. 27.08.2025 vill sveitarstjórn Flóahrepps leggja áherslu á aðkomu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins að málinu enda sýni gögn frá Minjastofnun fram á rökstuðning á varðveislu einstæðri minjaheild, menningarlandslags bæjarhólsins og nánasta umhverfi hans. Að mati sveitarstjórnar Flóahrepps sýna friðlýsingarskilmálar frá Minjastofnun fram á að farið hefur fram fagleg úttekt sem sýnir fram á mikilvægi þess að varðveita Íslenska bæinn í Austur Meðalholtum. *Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir viðbrögðum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins varðandi upplegg um starfsemi og varðveislu Íslenska bæjarins til framtíðar af hálfu íslenska ríkisins.*

Minnisblað þetta verður sent á eigendur Íslenska bæjarins til kynningar sem og á Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga, Héraðsnefnd Árnesinga, Minjastofnun og Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Minnisblað tekið saman af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra Flóahrepps